



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð Reykjavíkurborgar

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Tilslakanir á sumarleyfum leikskólabarna sumarið 2020

Í reglum Reykjavíkurborgar um leikskólaþjónustu segir í lið 1.b. *börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarleyfi*. Vegna aðstæðna sem sköpuðust í kjölfar Covid-19 faraldurs var samþykkt í borgarráði 14. maí 2020 <https://reykjavik.is/fundargerdir/fundur-nr-5586> tillaga um að veita tilslökun á þessari reglu á sumarleyfistímabilinu 15.5.2020 til 15.09.2020 að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

Tillagan var eftirfarandi:

Lagt er til að sumarið 2020 verði heimilt að víkja frá reglum um leikskólaþjónustu um að barn verði að vera að lágmarki í tuttugu virka daga í sumarleyfi. Foreldrum/forsjáraðilum barna, í leikskólum Reykjavíkurborgar, sem vegna skerðingar á leikskólaþjónustu í samkomubanni vegna Covid-19 á tímabilinu 16. mars til 30. apríl, þurftu að ganga á orlofsdaga sína og eiga af þeim sökum innan við 20 daga í sumarorlof gefist kostur á að sækja um fækkun sumarleyfisdaga leikskólabarns. Á sama tíma geti þeir sótt um dvöl í hverfisleikskóla sem ákveðið hefur verið að hafa opinn í sumar. Hvert barn verður þó að fá að lágmarki 10 daga sumarleyfi á þeim tíma sem heimaleikskóli þess lokar vegna sumarleyfa. Framangreint gildir eingöngu fyrir sumarið 2020.

Skilyrði fyrir fækkun sumarleyfisdaga voru eftirfarandi:

- Foreldrar/forsjáraðilar sækja um fækkun sumarleyfisdaga.
- Hvert barn þarf að lágmarki að fá 10 samfellda sumarleyfisdaga á sumarorlofstíma heimaleikskóla.
- Foreldrar/forsjáraðilar geta sótt um 5-10 daga tilslökun á sumarleyfi barna í samræmi við töku orlofs þeirra á tímabilinu 16. mars til 30. apríl 2020.
- Við afgreiðslu umsókna verði horft til samanlagðrar orlofsstöðu foreldra/forsjáraðila barns og upplýsinga leikskóla um skerðingu á þjónustu. Ef foreldri fer eitt með forsjá á framangreint eingöngu við um forsjárforeldri.
- Sé umsókn samþykkt fær barnið dvöl í opnum hverfisleikskóla á þeim tíma sem heimaleikskóli barns lokar. Dvöl í opna leikskólanum þarf að lágmarki að vera 5 samfelldir dagar.

- Greiða þarf aukalega, samkvæmt gjaldskrá borgarinnar, fyrir þann tíma sem barn er í opnum hverfisleikskóla.

Send var út auglýsing á íslensku, ensku og pólsku þann 15. maí 2020 til allra foreldra barna í þeim leikskólum sem Reykjavíkurborg rekur auk þess sem úrræðið var auglýst á heimasíðu Reykjavíkurborgar. Auglýsingin var með ítarlegum upplýsingum ásamt tengli á umsóknareyðublað og netfangi til að senda inn umsókn. Þar sem fáar umsóknir höfðu borist þegar umsóknarfrestur rann út 25. maí var ákveðið að framlengja umsóknarfrestinn til 1.júní 2020 og var tilkynning þess efnis send til foreldra á íslensku, ensku og pólsku 27. maí 2020. Aftur fylgdi með tengill á frekari upplýsingar sem og eyðublað.

Alls bárust 57 umsóknir um fækkun sumarleyfisdaga. Við úrvinnslu umsókna var í mörgum tilfellum haft samband við foreldra þar sem umsóknir voru ekki allar skýrar. Í ljós kom að einhverjir uppfylltu ekki þau skilyrði sem sett voru fram á umsóknarformi s.s. umsóknir vegna barna sem nýlega hafa hafið leikskólagöngu og aðrar vegna barna utan borgarrekinna leikskóla. 50 börn munu njóta þessa úrræðis í sumar. Í þremur umsóknum var óskað eftir því að barn færi í annan sumaropnunarskóla en tilheyrði því hverfi sem barnið býr í og var orðið við því.

Börnin skiptast með þessum hætti á milli hverfa:

Ábær/Grafarholt	7
Breiðholt	8
Laugardalur/Háaleiti	9
Grafarvogur	7
<u>Vesturbær/Miðborg/Hlíðar</u>	<u>19</u>
Samtals	50

Af þessum 50 umsóknum voru tuttugu og ein fyrir tvítyngd börn. Hlutfall kynja var á þann veg að sótt var um fyrir 34 drengi og 23 stúlkur.

Hér má sjá hversu marga daga foreldrar óskuðu eftir skerðingu.

Fjöldi barna	Fjöldi skertra daga
30	10
8	9
2	8
3	6
7	5

